

Menntamál geðsjúkra:

# Framlagið dugir engan veginn

**MENNTUNARMÁL** Ljóst er að þær sex milljónir króna sem ríkið hefur lagt fram til menntunarmála geðsjúkra fram að áramótum duga engan veginn ef bjóða á upp á sama námsmagn og kennt hefur verið til þessa, að sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra Geðhjálp. Þetta framlag væri þó mjög þakkarvert að hálfu ríkisstjórnar sem gripið hefði í taumana, þegar í óefni hefði verið komið.

En þrátt fyrir það liggi fyrir að leita þurfi til samfélagsins eftir framlögum, til þess að hægt verði að koma til móts við þarfir þeirra 130 einstaklinga sem sótt hafa um nám af ýmsu toga á

haustönn. Námsvistin er samstarfsverkefni Fjölmennar og Geðhjálp.

Sveinn sagði hitt þó gleðiefni, að ráðuneytið ætlaði að taka samninginn við Fjölmenn til gagnerrar endurskoðunar. Í ljósi þess að ríkið ætlaði að ganga í þetta mál til frambúðar, myndi Geðhjálp leita til fólks eftir framlögum svo ekki þyrfti að skera framboðið niður á haustönn.

„Svona hlutir eiga að standa jafnfætis framlögum ríkisins til framhaldsskólanna í landinu,“ sagði Sveinn. „Það er fjöldi fólks sem þarf sannarlega á þessu að halda og löggin segja að allir skulu eiga jafnan rétt til náms.“ ■



**SVEINN MAGNÚSSON**  
Allir eiga jafnan rétt til náms.